



## **187. fundur skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurlands haldinn í Odda 18. feb. 2016 kl. 09:30.**

Mætt: Eydís Þ. Indriðadóttir, Haraldur Eiríksson, Jón Hjartarson, Jón G. Valgeirsson, Sigursveinn Már Sigurðsson (fulltrúi kennara), Olga Lísu Garðarsdóttir, Sandra D. Gunnarsdóttir, Sigprúður Jónsdóttir, Þorkell Ingi Sigurðsson (fulltrúi nemenda) mætti ekki og Þórarinn Ingólfsson.

Sandra formaður skólanefndar setti fundinn og síðan var gengið til dagskrár.

### **Dagskrá:**

#### **1. Fundargerð**

Fundargerð 186. fundar var samþykkt án athugasemda.

#### **2. Hlutverk skólanefndar - SDG**

Sandra formaður skólanefndar fór yfir helstu atriði sem tengjast hlutverki skólanefndar samkvæmt lögum. Hún velti meðal annars fyrir sér hvernig nefndin gæti haft áhrif og til dæmis eftir tengsl við atvinnulífið á svæðinu. Minnst var á starfameissuna sem haldin var í skólanum 19. mars 2015 og hversu góð áhrif hún hafði. Fleira kom fram í umræðunni eins og t.d. að reyna að nýta sér góð tengsl sem eru við fyrirtæki á svæðinu og kynna þau fyrir almenningi. Einnig kom fram að æskilegt væri að skólanefndin styddi við mál sem kæmu frá stjórnendum skólans til þess að auka þrýsting og vægi. Minnt var á að reynt yrði að heimsækja sem flest fyrirtæki og að þau minni væru einnig heimsótt þó svo að þau stærri væru ráðandi á markaðnum.

#### **3. Starfsmannamál – horfur – nemendafjöldi – OLG**

Núna eru 740 nemendur skráðir í dagskóla. Fleiri nemendur eru núna úr 10. bekkjum í fjarnámi hjá okkur. Svipaður fjöldi og áður er á Litla Hrauni. Hagræða þarf í starfsmannahaldi eins og mögulegt er vegna þessarar fækkunar á nemendum. Líklega þarf ekki að auglýsa eftir nýjum starfsmönnum. Áfangastjóri hefur sagt starfi sínu lausu frá næsta hausti. Skólanefnd mælir með því að starfið verði auglýst opinberlega (ekki eingöngu innan skólans).

#### **4. Nemendagarðar – hugmyndir - ÞI/OLG**

Verið er að skoða ýmsa möguleika varðandi nemendagarða og hvað er hægt að gera varðandi húsnaði fyrir nemendur sérstaklega af austursvæðinu. Ákveðið að haldið verði áfram að vinna að þessum málum. Reynt verður að tryggja aðgang að húsnaði fyrir nemendur, sérstaklega þá sem búa lengst frá skólanum.



## 5. Fjárhagsstaða við lok árs 2015 - HE

Það stefnir í að afgangur verði hjá skólanum nú undir lok árs þó svo að launaliður hafi hækkað þó nokkuð á síðasta ári. Ljóst er að hægt verður að greiða niður halla frá fyrri árum. Það verður áframhaldandi aðhald í rekstri skólans.

## 6. Önnur mál:

### A. Félagslíf nemenda – Kátir dagar / Flóafár

Framundan eru Kátir dagar og Flóafár. Lítur vel út og áhugi er mikill. Þessir dagar verða undir lok næstu viku frá miðvikudegi til föstudags. Árshátíð var haldin í síðustu viku og var þátttaka sæmileg.

### B. Framkvæmdir – búnaðarmál

Stefnt er að því að kennslu ljúki um páska í Hamri til þess að hægt sé að fara að vinna í þakinu á húsinu. Samstarf við framkvæmdaaðila gengur mjög vel. Ekki er enn komið á hreint hvernig verður með búnaðarkaup í húsið.

### C. „Að hugsa um ungbarn“ – verkefni á vegum félagsþjónustu Árborgar – kynning – OLG

Verkefnið kynnt fyrir nefndarmönnum af skólameistara. Óskað er eftir að þetta verkefni verði metið til framhaldsskólalæininga. Nefndarmenn telja eðlilegt að verkefnið sé metið til eininga í grunnskóla, en ekki til framhaldsskólalæininga.

### D. Lýst er eftir fulltrúa nemenda á fund skólanefndar.

Skólanefnd leggur áherslu á að fulltrúi nemenda mæti á hvern einasta fund nefndarinnar.

Næsti fundur er fyrirhugaður 28. apríl 2016 kl. 09:30

Fundi slitið kl. 11:18  
Fundarritari,  
Þórarinn Ingólfsson



# FJÖLBRAUTASKÓLI SUÐURLANDS

Tryggvagötu 25 • 800 Selfoss • Sími 480 8100 • Fax 480 8188 • Kennitala 491181-0289 • Netfang [fsu@fsu.is](mailto:fsu@fsu.is) • Veffang [www.fsu.is](http://www.fsu.is)